

Rætt á starfsmannafundi 7. sept. 2010

Barnið í brennidepli - sjálfsmat með notkun árangursvísa

Lykilpáttur 1

- 1.1 Uppbygging námskrár
 - ◆ Skipulag daglegra athafna - Við þurfum að lesa námskrána reglulega. Gott að taka fyrir einn og einn kafla á starfsmannafundum. Teljum að hún sé ágætlega unnin og bjóði upp á örvin alhliða þroska í gegnum daglegar athafnir. Stig: 4
 - ◆ Framboð leik- og námsefnis - Á yngri deildinni vantar eitthvað til að örva yngstu börnin, þ.e. leikföng fyrir 1-2 ára og fleira en eitt af hverri tegund. Púsl og spil mörg orðin úr sér gengin. Starfsfólk á deildum þarf að skoða hvað vantar helst og síðan þarf að meta hvað fjárhagurinn leifir. Foreldrafélagið hefur oft gefið eitthvað. Stig: 3

Rætt á starfsmannafundi 3. maí 2011

1. Barnið í brennidepli - sjálfsmat með notkun árangursvísa

Lykilpáttur 1 Námskrá

- 1.2 Gæði áætlana
 - ◆ Samhæfing og mikilvægi náms - einkunn 4
 - ◆ Uppbygging og mat einstaklingsáætlana - það eru aðeins gerðar einstaklingsáætlunir fyrir stuðningsbörn og eru endurmetnar reglulega. Teljum ekki ástæðu til að gera slíka áætlun fyrir hvert barn. Viljum frekar nota tímann til að vinna með börnunum. Fyrir foreldraviðtöl er hvert barn metið og rætt um þarfir þess.
 - ◆ Stuðningur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk - þurfum að skoða nánar hvað átt er við.
- 1.3 Gæði dagskipulags
 - ◆ Vel mótað dagskipulag - Álagstímar eru oft erfiðir en við leitum lausna þegar upp koma sérstök vandamál. Viðvarandi er að í hádegistímanum á Könglalandi, bæði fyrir og eftir að er borðað þá er erfitt að koma börnunum fyrir og hafa rólegheit af því þau eru svo mörg. Þurfum að vera vakandi fyrir því hvort við getum fundið hagstæðari lausn á því.
 - ◆ Virk notkun matsupplýsinga - einkunn 4
 - ◆ Samvinna um dagskipulagið - þurfum að koma því betur á framfæri við foreldra að þeir megi koma með athugasemdir. Ræða dagskipulagið á foreldrafundi á haustin. Vekja foreldra til umhugsunar um starfið.

Lykilpáttur 2 Þroski og framfarir barnanna

- 2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi
 - ◆ Framfarir barnanna í alhliða þroska og námi - einkunn 4

Lykilpáttur3 Nám í gegn um leikinn

- 3.1 Gæði náms í gegn um leikinn
 - ◆ Leikumhverfi barnanna - einkunn 3. Umhverfið er ekki nógu ögrandi og hvetjandi af því plássið býður ekki upp á það að börnin geti gengið að hlutunum. Það þarf alltaf að taka allt saman til að borða, til að syngja saman. Þrengslin setja ýmsar skorður. Furuland er ekki aðgengilegt allan daginn og nýtist því ekki nógu vel.

Rætt á starfsmannafundi 17. maí 2011

Barnið í brennidepli - sjálfsmat með notkun árangursvísa

Lykilpáttur3 Nám í gegn um leikinn

- 3.1 Gæði náms í gegn um leikinn
 - ◆ Á síðasta fundi var rætt um að umhverfið væri ekki nógu ögrandi og hvetjandi og að þrengslin settu ýmsar skorður. Einnig að Furuland nýtist ekki nógu vel eins og starfið er skipulag nú. Hvað getum við gert til að bæta úr þessu?
 - ◆ Það væri möguleiki að láta börnin á Könglalandi borða í tvennu lagi og fara með hóp í Furuland eftir hádegið, frá 12:00-13:30. Gott er að hafa það í huga þegar gengið er frá ráðningum á kennurum og kaffitímar skipulagðir, þannig að möguleiki sé á því að kennari/kennarar séu í Furulandi til hálf 2 á daginn. Með þessu yrðu ekki nema 10-12 börn í einu á deildinni í staðinn fyrir 20 eins og nú er í hádegi.